

Heilbrigðisráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Heilbrigðisráðuneyti**
Dagsetning: **16.03.2023**
Málsnúmer: **HRN22070041**
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Mat á áhrifum á persónuvernd, 529. mál

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 7. mars sl., sem hefur til umfjöllunar 529. mál, frumvarp til sóttvarnalaga. Nefndin óskar eftir því að fá upplýsingar um hvort ráðuneytið hafi í vinnu við frumvarp til sóttvarnalaga framkvæmt mat á áhrifum persónuverndar. Ef svo er, er óskað eftir upplýsingum um hvaða áhrif það mat hafði á einstaka þætti frumvarpsins.

Ráðuneytið bendir á að við vinnu við frumvarp vegna breytinga á sóttvarnalögum sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi var gert sérstakt mat á áhrifum á persónuvernd. Niðurstaða matsins var að frumvarpið hefði jákvæð áhrif á grundvallarréttindi og hagsmuni skráðra einstaklinga. Sóttvarnaráðstöfunum kann að fylgja umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga, bæði almennra og viðkvæmra, og því mikilvægt að heimildir sóttvarnaryfirvalda séu skýrar.

Skýrar heimildir tryggja skilvirkni við beitingu heimilda og gera vinnslu fyrirsjáanlegri og gagnsærri fyrir hina skráðu. Samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. [90/2018](#), er vinnsla persónuupplýsinga bundin því skilyrði að fyrir hendi sé vinnsluheimild. Vinnsluheimild sóttvarnaryfirvalda vegna framkvæmdar sóttvarna byggist þannig á 9. tölul. 11. gr. þeirra laga, að er því varðar viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 3. eða 5. tölul. 9. gr. sömu laga. Í 9. tölul. 11. gr. nefndra laga er áskilnaður um að vinnsla byggist á lögum og að í lögnum sé kveðið á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hinna skráðu.

Heimildir sóttvarnaryfirvalda til vinnslu persónuupplýsinga verða óbreyttar frá gildandi lögum, en með frumvarpinu verður kveðið á um ráðstafanir til að lágmarka áhrif á persónuvernd. Þá er í frumvarpinu gerð nánari grein fyrir í hverju vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við sóttvarnaráðstafanir felst og gagnsæi þannig aukið gagnvart hinum skráðu. Þannig er ákvæði um ábyrgð sóttvarnalæknis á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sóttvarnaráðstafanir skýrt nánar, kveðið á um öryggisráðstafanir og í tengslum við þær og helstu meginreglur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem mikilvægt er að fylgt sé við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga ítrekaðar.